

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð

Ár 2018. mánudaginn 20. ágúst var haldinn 2. fundur menningar- íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Revkiavíkur og hófst hann kl. 13.30. Viðstaddir: Pawel Bartoszek, Hjalmar Sveinsson, Sabine Leskópf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Örn Þórðarson og Baldur Borgbórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram, Steinbór Einarsson, Andrés Andreasen, Huld Ingimarsdóttir, Helga Björnsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 29. júní sl. vegna kosningar í menningar-, íþróttá- og tómsundaráð. RMF18060004
2. Lögð fram til samþykktar starfsáætlun menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs 2018-2019. RMF18060004
Samþykkt.
- Kl. 13.33 tekur Katrín Atladóttir sæti á fundinum.
3. Fram fer kynning á sex mánaða uppgjöri menningar- og ferðamálasviðs. RMF18050002
4. Lagt fram til kynningar skipurit menningar- og ferðamálasviðs. RMF18050002
5. Lagðar fram til samþykktar reglur um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur. RMF18040006
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs til staðfestingar.

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð fagnar því að fram séu komin verðlaun sem nefnd eru eftir Guðrúnu Helgadóttur og vonast til að tilkoma þeirra hafi jákvæð og hvetjandi áhrif á útgáfu barnabóka í landinu.

6. Lagðar fram til samþykktar úthlutunarreglur og áherslur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs vegna úthlutunar styrkja til menningarmála úr borgarsjóði fyrir árið 2019. RMF18080005
Samþykkt.
7. Lagðar fram reglur um Ásmundarsafn.
Samþykkt að Hjalmar Sveinsson og Katrín Atladóttir taki í stjórn safnsins til næstu fjögurra ára. Samþykkt að Hjalmar Sveinsson verði formaður stjórnar Ásmundarsafns. RMF18080006
8. Lögð fram hugmynd frá samráðsvefnum Betri Reykjavík dags. 2. júlí 2018 varðandi tennishús í Laugardal.
Vísað til sviðsstjóra íþróttá- og tómsundasviðs til skoðunar.
9. Lagt fram boðsbréf frá Gautaborg dags. 4. júlí sl. um þátttöku á norrænni vinabæjarráðstefnu um íþróttá-, tómsunda- og frístundamál dagana 26.-28. september 2018.
Samþykkt að þiggja boðið.
Vísað til meðferðar sviðsstjóra íþróttá- og tómsundasviðs og formanns menningar-, íþróttá og tómsundaráðs.
10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. júní 2018 varðandi Fossvogsbrú.
Vísað til sviðsstjóra íþróttá- og tómsundasviðs.
11. Lagt fram minnisblað hjólaskautafélagsins Roller Derby Ísland um hjólaskautaaðstöðu.

12. Fram fer umræða um rekstur sundlauga Reykjavíkurborgar.
13. Lagt fram yfirlit um aðsókn á sundstaði fyrstu sjö mánuði ársins.
14. Lagt fram bréf skálanefndar ÍR og Víkings dags. 24. maí sl. vegna styrks vegna bráðaviðgerða á skíðaskála félaganna.
Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
15. Lagt fram bréf Dansfélagsins Bíldshöfða dags. 20. maí 2018 vegna húsnæðismála.
Vísað til sviðsstjóra íþróttá- og tómsundasviðs.
16. Lagt fram minnisblað Fylkis dags. 17. júlí sl. vegna styrks fyrir tjald í íþróttahúsi í Norðlingaholti.
Vísað til sviðsstjóra íþróttá- og tómsundasviðs.
17. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 4. júlí 2018 með ósk um umsögn um styrkbeiðni Kátt á Klambra barnahátíðarinnar.
Samþykkt að fela sviðsstjórum menningar- og ferðamálasviðs og íþróttá- og tómsundasviðs að skrifa umsögn um styrkbeiðnina.
18. Fram fer kynning á sex mánaða uppgjöri íþróttá- og tómsundasviðs.
19. Lagt fram til kynningar skipurit íþróttá- og tómsundasviðs.
20. Lögð fram skýrsla aðalstjórnar Víkings 2017 – 2018.

Fundi slitið kl. 16.15

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson
Sabine Leskoř
Örn Þórðarson

Elín Oddný Sigurðardóttir
Björn Gíslason
Baldur Borgþórsson